

Borgarbyggð
b.t. Þóru Júlíusdóttur
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 13. september 2021
UST202109-093/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag – frístundabyggð – Kotstekksás í Munaðarnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 9. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir frístundabyggðar að Kotstekksási í Munaðarnesi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til fimm frístundalóða, fjórar lóðir eru 5.000 m² og ein lóð er 7.000 m², 300 m norðvestan við hringveginn í grennd við frístundabyggð Jötnagarðsáss og Litlaáss. Skipulagssvæðið tekur til 3,6 ha svæðis.

Umhverfisstofnun telur fjallað með skýrum hætti um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, hvernig rask verði lágmarkað og að hvaða leyti mótvægisáðgerðum verði beitt. Stofnunin telur tillöguna vel framsetta og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur